

Fundur stjórnar ÆSKP 4. janúar 2023 á ZOOM

Mætt: Máni, Berglind. Einnig situr Jónína Sif fundinn.

Fundur hófst kl. 20.15.

Ráðning Svæðisstjóra æskulýðsmála í Kjalarnes og Reykjarvíkurprófastdæmum.

Nýr starfsmaður er Anna Elísabet Gestsdóttir og á sama tíma og við bjóðum hana velkomna, setjum við spurningamerki við að Kristján Ágúst Kjartansson hafi ekki fengið starfið á þeim grundvelli að hann hefur sinnt starfinu undir merkjum ÆSKR með miklum sóma og verið æskulýðsmálum í landinu ákaflega mikilvægur. Það kemur á óvart að lítið sé framhjá hans miklu reynslu þegar kemur að þessum málaflokki og þá sérstaklega í ljósi þeirrar stefnumótavinnu sem lagt hefur verið að stað í og því hlutverki sem hann hefur gengt í þeirri vinnu.

Janúarnámskeið

Þegar eru komnar nokkrar skráningar fyrir janúarnámskeiðið og svo virðist sem mikill áhugi sé fyrir efni námskeiðisins. Áminningar póstur verður sendur út í fyrramálið.

Síðasti skráningarfrestur 9. Jan.

Aðalfundur

Enn eru dagsetningar ræddar. Nú stefnum við á fund 8. mars. Kirkjuþing mun koma saman helgina 10-12 mars.

Virgni stjórnar

Jónína vekur máls á vanvirkni stjórnarmeðlima. Það er mikilvægt í þeir sem gefa kost á sér til að sitja í stjórn geri slíkt af heilum hug og gefi sér tíma til að mæta á fundi og taki virkan þátt í starfi félagsins.

Næsti fundur

Kosið verður um næsta fund á facebooksíðu stjórnar. Mikilvægt að sem flestir komist á fundinn þar sem undirbúa þarf aðalfund.